

# Frumvarp til fjáráukalaga

fyrir

árin 1908 og 1909.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

## 1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 veitast kr.: 133,936,17 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hjer á eftir.

## 2. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til lækna- skipunarinnar, veitist á eftir 10. lið 1.

Til þess að fullgjöra sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði (þar af endurveiting 1168 kr. 69 au.) ... .. kr, 2295,00

## 3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til sam- göngumála, veitist

Við A. 4.	Til þess að setja miðstöðvarhitun í pósthúsbygg- inguna ... .. kr. 3,000,00
Við B. III.	Til brúargjörðar á Ytri-Rangá hjá Ægisiðuhöfða — 47,000,00
Við B. VIII.	Til aðstoðar-verkfræðings til rannsókna og mæl- inga viðvikjandi járnbrautarlagning austur ... .. — 2,700,00
Við C. 2 e.	Til viðbótar við styrk árið 1909 til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar.. ... .. — 4,000,00
Við D. II. 6.	Gegn því, að í stað ráðgjörðs 3.5 m/m kopar- sima frá Reykjavík til Selfoss og 4 m/m járn- sima þaðan að Eystri-Garðsauka, sje notaður 4.5 m/m járnþráður alla leið, má draga 10,000 krónur frá tillagi því, sem heimtað er í fjárlögunum til símalínu þessarar af Árnes- og Rángárvallasýslum. Til þess í framhaldi af þessari línu að leggja talsima frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja, veitist, gegn 8000 kr. tillagi frá Vestmannaeyjasýslu ... .. — 34,200,00
	flyt — 90,900,00

flutt: kr. 90,900,00

Við D. bætast 2 nýir liðir:

1. Af kostnaði við simalínu frá Kalastaðakoti til Akra-  
ness . . . . . — 7,400,00  
Veitist með því skilyrði, að Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla greiði samtals 5,400 krónur til þessarar línu og til línunnar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness, og fellur þá burtu það sjerstaka tillag, sem í fjárlögunum er áskilið til Borgarnesálmunnar.
2. Fje því, sem sparast hefur af þeim upphæðum, sem veittar eru í fjárlaganna 13. gr. D. II. 1, 2., 4, 5, 7, 8, 9 og 10 má verja til þess að kaupa landssjóði til handa einkalínurnar frá Seyðisfirði og Egilsstöðum til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þannig, að hlutaðeigandi sýslufjelög, auk þeirra 4000 kr., sem lagðar hafa verið til Eskifjarðarlínunnar, taki að sjer 5000 kr. af landssjóðsláni því, er á simunum hvílir. Í viðbót má verja allt að . . . . . — 6,000,00

Það skal í skilyrðum haft við stofnsetning og framhald talsimastöðva til almenningsnota á framangreindum simaleiðum, að hrepparnir ábyrgist og kosti að sinum hluta starlræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsimastöðva, og stjórnin nánar ákveður.

- Við E. 1, Til þess að setja litinn aukavita við Reykjanesvitann — 2,500,00
- 2, Til þess að setja bráðabirgðavita á Öndverðar-  
ness . . . . . — 3,500,00
- 3, Til útgjalda við vitann á Siglunesi haustið 1908 og  
árið 1909 . . . . . — 1,400,00
- 4, Til þess að endurreisa innsiglingarvarðann á Grims-  
ey í Steingrimsfirði . . . . . — 300,00
- 
- kr. 112,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 14 gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitist:

Við B. III. Til lagaskólans:

- b. 4. til bókakaupa . . . . . kr. 1,000,00
- b. 6. önnur útgjöld . . . . . — 400,00

Við B. V. Til gagnfræðaskólans á Akureyri:

- 1, Til aðgerðar á skólahúsinu 1908 . . . . . — 850,00
- 2, — aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbót-  
ar þeim s. á. (þar með þaðáhöld) . . . . . — 1,250,00
- 3, Til leikfímishúss . . . . . — 2,000,00
- 4, — lampa og ljósáhalda . . . . . — 800,00
- 5, — kennarapúlta o. fl. . . . . — 500,00
- 6, — tímakenslu . . . . . — 500,00

flýtt kr. 7,300,00

	flutt	kr.	7,300,00
Við 14. gr. B. VII. f. Til viðbótar við námstyrk við kennaraskólann	kr.		900,00
— viðgerðar við lóð skólans ... ..	—		1,000,00
			<u>kr. 9,200,00</u>

5. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna til vinda og bókmenta, veitist:

Við 7. Til rannsókna og undirbúnings skrásetning fornmenja samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, eftir reikningi alt að ... ..	kr.	1,000,00
Við 38. Fyrir veðursímskeyti til stöðvanna á Húsavík, Fáskrúðsfirði, Keflavík, Gerðum, Ísafirði, Flateyri, Þingeyri, Bildudal og Patreksfirði; frá 1. nóvember 1903—31. desember 1909 ... ..	—	2,800,00
		<u>kr. 3,800,00</u>

6. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Við 7. Til þess að byggja fjós á Hallormsstað og gjöra að bæjarhúsum á Ormstöðum... ..	kr.	1,200,00
Við 8. 1. Til vegar framhjá sandgræðslusvæði við Reyki á Skeiðum 1908 ... ..	—	541,17
2. Til vegar fyrir austan sama sandgræðslusvæði sumarið 1909, gegn því að það, sem á vantar, verði borgað annarsstaðar frá ... ..	—	2,000,00
Eftir 16. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kveldskólalahalds ... ..	—	300,00
Eftir 31. 1. Til Hallgrims Benediktssonar, Jóhannesar Jóseps-sonar o. fl. til þess að sýna glímu við olympisku leikina í London sumarið 1908 ... ..	—	2,000,00
2. Til Tómasar Tómassonar, leiga fyrir Gullfoss árin 1908 og 1909 ... ..	—	600,00
		<u>kr. 6,641,17</u>

7. gr.

7000 kr. lán úr viðlagasjóði, veitt stórkaupmanni Thor. E. Tulinius til simalagninga til Norðfjarðar gegn tryggingu í linunni, með 4% vöxtum á ári og endurgreiðslu á 18 árum, samþykkist.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

### Við 2. gr.

Á fjárlögum frá 1906 og 1907 voru veittar 5,000 kr. til þess að koma upp sóttvarnarhúsi á Seyðisfirði. Árið 1906 var keypt í þessu skyni hús á Búðareyri, og til þess varið 3831 kr. 31 eyri. Nauðsynlegar breytingar og umbætur á húsinu voru ekki fullgjörðar fyr en á árinu 1908 og gátu eigi fengist fyrir minna en 2295 kr., enda er húsið nú vel úr garði gjört, sterkt og hentugt. Húsið hefur þannig alls kostað 6,126 kr. 31 eyri og verður því hin eiginlega umframgreiðsla 1126 kr. 31 eyrir.

### Við 3. gr.

Við A 4. Af þessari upphæð ætti helmingurinn eiginlega að teljast undir D, með því að kostnaður þessi kemur landsímastöðinni í Reykjavík eins til nota eins og pósthúsinu, en upphæðin er öll sett hjer til hægri verka. Eftir skýrslu póstmeistara og landsímastjóra er nauðsynlegt að gjöra breyting á hinnu núverandi upphitun hússins. Ofnarnir eru bæði gamlir og óhentugir, trekkja illa og duga ekki til að hita herbergin. Í stað þess að kaupa nýja ofna hafa póstmeistari og ritsímastjóri farið fram á, að miðstöðvarhitun sje sett í húsið, og verður að álita, að það sje hentugast og ódýrast til lengdar. Miðstöðvarhitun með vatni er áætlað að sett verði í húsið fyrir um 3000 krónur.

Við B III. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarp stjórnarinnar fyrir árin 1908 og 1909 var gerð grein fyrir því, að um tvö brúarstæði væri að velja á Ytri-Rangá, hið efra á Ægisiðuhöfða og hið neðra á Ægisiðufossi; var þar gert ráð fyrir því, að brú á efra brúarstæðinu mundi kosta 55 þúsund kr., en brú á hinu neðra 29 þúsund kr. auk 11 þúsund króna til vega háðum megin, svo að verðmunur var þá talinn í raun og veru 15 þús. krónur. Eftir að nákvæm rannsókn á efra brúarstæðinu nú hefur fram farið og tilboð hefur verið fengið um járnfirbygging að brú á þeim stað, má ætla að kostnaðarmunurinn verði ekki nema 7000 krónur, og með því að hjeraðsbúum er það hið mesta áhugamál, að valið sje efra brúarstæðið, sem liggur betur við, er lagt til að svo verði gjört. Virðist ekki rjett að láta ágreining um brúarstæðið verða þess valdandi enn á þessu þingi, að fyrirtarist að veita tje til brúar þessarar, sem vegna umferðar og flutningsmagns á eðlilegan rjett til þess að verða næst í röðinni af hinum stærri brúm. Það þykir nauðsynlegt, að brúin geti komist á þegar í sumar 1909, bæði vegna þarfar þeirrar, er á brúnni er, og eins vegna hins, að árið 1910 er ráðgert, að Norðurá í Borgarfirði verði brúuð; væri Rangárbrúin látin biða þess árs þá yrðu tvær stórbrýr samferða, sem er mjög óhagkvæmt, þar sem ekki er nema tveim verkfræðingum á að skipa til umsjónar; þeir yrðu þá báðir bundnir það sumarið og gætu tæplega sinnt sem þarf þeim vegagjörðum og smærri brúargerðum, sem alt af kalla að. Einnig er það óhentugt og hakar aukinn kostnað til áhalda, að láta tvö slik verk verða samferða, í stað þess að framkvæma hvert verkið á sínu ári. Brúargerðinni á Norðurá er ekki hægt að fresta lengur en til 1910, nema hlje sje gert á vinnu allri við Borgarfjarðarbrautina, en sumarið 1909 liggur ekki fyrir nein stórbrúargerð, enda var það tilætlunin samkvæmt fjárlagafrumvarpinu

fyrir 1908 og 1909 að Rangárbrúin yrði þá gerð, hefði samkomulag náðst um brúarstæðið.

Uppdrættir að brúnni verða lagðir fyrir þingið. Aætlaður kostnaður 47,000 kr., sundurliðast þannig:

I. Undirbygging (4 stöplar) ... ..	15,000
II. Yfirbygging (járn) ... ..	19,000
III. Vegur að og frá ... ..	1,000
IV. Verkpallar ... ..	5,000
V. Áhöld ... ..	3,000
IV. Verkstjórn, ýmisleg og óviss gjöld ... ..	4,000
	<hr/>
	47,000

Við B VIII. Á fjárlögunum fyrir 1908 og 1909 voru veittar 16,500 kr. fyrra árið til þess að gjöra nákvæmar landmælingar, er lagðar geti orðið til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár og er þeim mælingum nú lokið svo, að verkfræðingur getur byrjað að velja leiðina og gjöra bráðabirgðaráætlanir um kostnað. En til þess þarf itarlegar rannsóknir og mælingar, sem hr. verkfræðingi Th. Krabbe er ætlað að gera í sumar. En með því að hann einnig hefur öðrum störfum að sinna, virðist óhjákvæmilegt að fá honum aðstoð í þessu skyni, og er lagt til, að til þess sju veittar 2,700 kr.

Við C. 2 e. Styrkurinn til bátaferða á Austfjörðum frá Langanesi til Hornafjarðar kom eigi að notum sumarið 1908, með því að hinar veittu 6000 kr. reyndust eigi nægilegar. Aftur á móti er sennilegt, eftir því sem upplýst hefur verið af þingmönnum Suður-Múlasýslu, að ferðirnar hefðu komist á, ef styrkurinn hefði numið 10,000 kr. Með því að mjög mikil þörf er á ferðum þessum, sjerstaklega vegna Austur-Skaptafellssýslu, þykir nauðsynlegt að stuðla að því, að lánast geti að koma ferðum þessum á þegar í sumar og er því lagt til, að bætt sje við styrkinn 4000 kr. fyrir árið 1909.

Við D. II. 6. — Þörfin á því, að koma Vestmannaeyjum í simasamband við aðra hluta landsins verður tilfinnanlegri ár frá ári eftir því, sem sigling eykst og innlendar fiskiveiðar. Auk þess gagns, sem af því yrði fyrir eyjarnar sjálfar og fiskiveiðar landsins, má og ætla, að eftirlitið með fiskiveiðum útlendinga ljettist við það að mun; en vegna kostnaðarins er ekki hugsandi til að leggja sæsimann milli lands og eyja annarsstaðar en þar, sem styst er til lands, og verður Vestmannaeyjasiminn því að vera í sambandi við simaálmuna milli Reykjavíkur og Eystri-Garðsauka, sem fje er veitt til í fjárlögunum fyrir 1908 og 1909, og ætlað var til að bygd yrði árið 1908. Eins og kunnugt er ffirst simalagning þessi fyrir í sumar sem leið, af því að sýslunefnd Árnssýslu neitaði um það tillag, sem í fjárlögunum var gert að skilyrði fyrir fjárveitingunni af landssjóði.

Nú hefur reynsla síu, sem fengin er við lagning Vestfjarðaálmunnar, sýnt, að fullnægjandi talsimasamband má fá austur um sýslur, með því að nota tvisettan 4.5 m/m járnþráð í staðinn fyrir 3.3 m/m koparþráð og 4 m/m járnþráð, sem gjört var ráð fyrir í kostnaðaráætlun þeirri, sem fjárveitingin í fjárlögunum miðast við. Með þeirri breytingu mundu sparast 10,000 krónur af

hinni veittu upphæð<sup>1</sup>, og með tilliti til þeirrar þarfar, sem landinu í heild sinni er á því, að þessi lína komist í framkvæmd í sumar, og sjerstaklega með tilliti til þess, að sá sími verður gegnumgangslina fyrir öll skeytasambönd frá Vestmannaeyjum innanlands og utan, virðist mega láta þá upphæð dragast frá tillagi því, sem Árnessýslu og Rangárvallasýslu er gjört að greiða, þannig að tillag Árnessýslu færist niður í 6000 kr., og tillag Rangárvallasýslu niður í 4000 kr., ef síminn er byggður 1909. — Það er því lagt til að heimild sje veitt til þessarar breytingar á símanum og niðurfærslu á tillaginu, og í sambandi við það, er farið fram á, að fje sje veitt til síma frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja, gegn tillagi frá Vestmannaeyjasýslu er nemi að eins allt að  $\frac{1}{5}$  hluta kostnaðarins, með tilliti til þess almennagagns, sem símasamband þangað gerir, auk hjeraðshagsmuna. Kostnaðurinn er áætlaður 42200 kr. alls, og sundurliðast þannig:

I. Landlinan:

a. <i>Efni:</i>		
700 staurar með flutningsgjaldi og uppskipun, á 7 kr. ... ..	4900,00	
1000 einangrarar og krókar á 55 aura ... ..	550,00	
600 topphettur á 25 au... ..	150,00	
8 tonn 4.5 m/m járnþráð á 300 kr. ... ..	2400,00	
annað linuefni og ef til vill sæsími yfir árnar ... ..	1000,00	
		9000,00
b. <i>Flutningur:</i>		
staurar ... ..	kr. 1500,00	
annað efni... ..	— 500,00	2000,00
c. <i>Vinna við lagninguna o. fl.:</i>		
1 verkstjóri í 90 daga á 6 kr. ... ..	kr. 540,00	
15 verkamenn í 80 daga ... ..	— 4200,00	
ferðakostnaður ... ..	— 460,00	
tjöld og áhöld... ..	— 400,00	
ófyrrisjáanleg útgjöld... ..	— 400,00	6000,00
d. Stöðin í Vestmannaeyjum ... ..		1200,00
		kr. 18,200,00

II. Sæsíminn.

13000 metrar kabel á 1,60 ... ..	kr. 20,800,00	
Flutningsgjald til Íslands ... ..	— 1,200,00	
Sæsímapipur, eldingaleiðarar og lagning allt að ... ..	— 2,000,00	24,000,00
		Alls kr. 42,000,00

Hjer af væntanlegt tillag frá sýslunni í eitt skipti fyrir öll auk venjulegrar skuldbindingar um rekstur stöðvanna ... .. — 8,000,00  
Fjárveiting áætluð kr. 34,200,00

Með því að á Akranesi er orðið allmikið kauptún, má ætla, að sími þangað frá Kalastáðakoti mundi gefa talsverðar tekjur, og þar sem hjeraðsbúar óska mjög eftir því, að símalagning þangað komist sem allra fyrst í verk,

1) 3,3 m/m koparþráður milli Reykjavíkur og Selfoss er áætlað að kosta mundi ... ..	kr. 19,627,00
4 m/m þráður frá Selfossi til Eyrarbakka að Eystri-Garðsauka ... ..	— 4,080,00
	kr. 23,707,00
Til 4.5 m/m járnþráðar alla leið mundi þurfa c. 45 tonn... ..	— 13,700,00
	Mismunur kr. 10,007,00

þykir æskilegt, að því geti orðið framgengt þegar í sumar; jafnframt ætti að leggja simann frá Grund eða Varmalæk til Borgarness, sem fje er veitt til í nügildandi fjárlögum. Tillag það, sem ráðgjört var til þess síma, hefur enn eigi verið samþykkt af sýslunefnd. En simasamband við Borgarnes sem endastöð Faxaflóa-bátsins hefur allmikla almenna þýðingu vegna ferðamannastraumsins, auk hjer- aðshagsmunanna.

Eftir þeirri reynslu, sem fengin er um kostnað við simalagningar síðan á síðasta þingi, þykir mega treysta því, að sá sími verði c. 10% ódýrari en áætlað er í fjárveitingunni, þannig að hann kosti að eins um... .. kr. 11,900 en Akranessíminn er áætlað að kosti . . . . . — 9,700

Samtals kr. 21,600

Eftir atvikum og í samanburði við simatillög hjeraða, sem líkt stendur á um, þykir hæfilegt að Mýra- og Borgarfjarðarsýsla greiði til heggja þessara simalagninga samtals . . . . . — 5,400 af afganginum kr. 16,200

er veitt á nügildandi fjárlögum til Borgarnesslinunnar ... .. — 8,800 og vantar þá kr. 7,400

sem farið er fram á að veittar verði í viðbót til Akranesslinunnar.

Kostnaður til Akranesslinunnar sundurliðast þannig:

1. Efni ... ..	kr. 4,700
2. Flutningskostnaður ... ..	— 600
3. Vinna ... ..	— 3,100
4. Áhöld, þar á meðal skiftiborð á Akranesi ... ..	— 1,300
	kr. 9,700

2. Einkum eftir að lína frá Eskifirði til Fáskrúðsfjarðar var fullgjör, hefur komið í ljós, að hið núverandi sambland af einkalinum og landsímalinum þar eystra er mjög óviðfeldið. Reikningshaldið verður erfið og flókið, og simagjöldin verða svo dýr í þeim hjeruðum, sem einkalinur liggja að, að það dregur mjög úr notkun og gagni símans fyrir almenning.

Vegna kvartana frá þeim mönnum, sem nota verða einkalinur þessar, var gjörður samningur við leyfishafann, hr. Thor E. Tulinius um niðurfærslu gjaldanna á báðar hliðar í samvinnunni við landsímman, en þrátt fyrir það kostar samtal frá Eskifirði t. d. til Fossvalla ennþá 1 kr. 05 a. í stað þess að gjaldið mundi eftir reglum landsímans vera 50 aurar, ef landið ætti línuna alla.

Þegar Fáskrúðsfjarðarlinan var byggð sem landsímalína, varð ekki hjá því komist að gjöra á ný samning við leyfishafa um notkun einkalinunnar fyrir landsímasamtöl til og frá Fáskrúðsfirði. Samningur þessi mun verða lagður fyrir þingið til athugunar, og sjest af honum, að til þess að fá gjaldlaust »transit« fyrir landsímasamtöl og símskeyti til Fáskrúðsfjarðarlinunnar og frá henni, varð landsíminn að gjöra töluverða tilhliðran, meðal annars taka þátt í viðhaldinu á línunni frá Eskifirði til Seyðisfjarðar og sleppa »terminal«gjaldinu fyrir símskeyti milli stöðvanna á Eskifjarðarlinunni og útlanda.

Landsímastjórnin hefur því lagt það til og lagt mikla áherslu á, að Eskifjarðarlinan og Norðfjarðarlinan verði sem allra fyrst keyptar landssjóði til handa, og jafnvel þótt línur þessar hafi gefið allgóðar tekjur það sem af er

vill eigandinn, hr. Thor. E. Tulinius, afhenda landssjóði þær fyrir það verð, sem lagningin hefur kostað.

En kaup landssjóður linurnar og leggi þær undir landsmann, verða öll simagjöld í þeim hjeruðum færð svo mikið niður og fyrirkomulaginu breytt svo, að auðsætt er, að tekjurnar, sem eigandi einkalinanna hefur haft af þeim, koma ekki landssjóði til góða, heldur verða kaupin aðallega almenningi — talsíma- og ritsímanotendum — til gagns og gjaldaljettis. Það virðist því verða að setja það skilyrði, að hjeruðin leggi fram hæfilegt tillag til kaupanna, eins og annarsstaðar hefur verið krafist um aukalínur.

Einkalínan milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar hefur samkvæmt byggingarreikningnum kostað alls	kr. 31,000.00
og Norðfjarðarlínun	— 15,000.00
Samtals...	— 46,000.00

En af þessum kostnaði hefur Suður-Múlasýslu lagt fram sem tillag í eitt skipti fyrir öll, án tiltölulegs eignarrjettar	— 4,000.00
	Kr. 42,000,00

Af kostnaðarupphæðinni hefur landssjóður lagt fram sem lán:

1. Til Eskifjarðarlínunnar	kr. 9,449.09
2. Til Norðfjarðarlínunnar	— 7,000.00
	Kr. 16,449,09

Eign leyfishafa og Norðfjarðarhrepps, sem á 5,000 kr. í Norðfjarðarlínunni er því	kr. 25,550.91
Sje gert ráð fyrir að sýslan, auk þeirra 4,000 kr., sem hún hefur þegar lagt til, eins og að ofan greinir, leggi enn fremur fram sem tillag	kr. 5,000.00

Yrði útborgunarupphæðin kr. 20,550.91

Stjórnarráðið mundi þó eigi að svo stöddu leggja til að kaupa línur þessar, ef ekki stæði svo á, að af upphæðum þeim, sem á nügildandi fjárlögum eru veittar til ýmsra símalagninga, sem framkvæmdar hafa verið í sumar samkvæmt 13. gr. D II 1, 2, 4, 5, 7, 8, 9 og 10, hefur sparast talsvert fje, sjerstaklega vegna heppilegra efniskaupa. Ennþá er ekki unnt að segja nákvæmlega, hve miklu það nemur, en eftir skýrslu landssímastjóra er það, eftir því sem næst verður komist, að minsta kosti 31 þúsund krónur, jafnvel þótt sparnadurinn, eins og sjálfsagt virðist, sje látinn koma einnig tillagsveitendum til góða, þar sem tillagið er miðað við tiltekið brot af kostnaðinum en eigi fastákvæðin upphæð, svo sem við D II 4 a og D II 7.

Þessari upphæð, sem þannig er þegar veitt í fjárlögnum til talsímalagninga, er lagt til að varið sje til þess að kaupa Eskifjarðarlínuna og Norðfjarðarlínuna landssjóði til handa, gegn framangreindu tillagi frá sýslunni (4000 + 5,000 kr.) þannig:

1, að hr. Th. E. Tulinius sje útborgað (17,550.91 + 2,500)...	kr. 20,050.91
2, til endurgreiðslu jarðabókarsjóðslánanna til Eskifjarðar- og Norðfjarðarlínanna gangi	— 10,949.09
	Kr. 31,000.00
Tillag sýslunnar telst	— 9,000.00
	Kr. 40,000.00

Þá er eltir að endurborga jarðabókarsjóði af framangreindum lánnum til umræddra einkalína	— 6,000.00
Því að allur byggingarkostnaðurinn nam brutto	Kr. 46,000.00



eins og fyr segir. Þessa upphæð 6,000 kr. er farið fram á að færa megi til útgjalda í landsreikningnum fyrir 1907, þ. e. fella niður þessar lánseftirstöðvar, en um eiginlega útborgun á þessari upphæð er ekki að ræða. Sparist meira en 31,000 kr. verður þessi upphæð lægri, en endurborgunin upp í lánin þeim mun hærri.

Við E. 1. Með því að hinn nýji viti á Reykjanesi er svo langt frá brúninni og Skálafell skyggir á hann á vissu horni á skipaleiðinni, er nauðsynlegt að setja litinn aukavita þar á hraunbrúninni. Til þess má nota sjálfhreifandi steinoliu- eða acetylenljósker sem að eins þarf að hirða einu sinni á viku. Slikt ljósker mun kosta um 2,500 kr. með uppsetningu. Gæslan er ekki mikil, og fái vitavörður launaviðbót þá, sem fram á er farið í fjárlagafrv., má gjöra honum að skyldu að hirða þessa aukalukt án sjerstakrar þóknunar.

Við E. 2. Að samhuga dómi skipstjóra, er sigla hjer vestur um land haust og vetur, er mjög brýn nauðsyn á leiðarljósi á Öndverðarnesi og það er sjálfsgagt, að viti verði bygður þar, svo fljótt, sem efni leyfa. Sá viti kemur þó eigi til greina fyr en eftir að búið er að koma upp hinum eiginlegu landtökuvitum, en þangað til það getur orðið, mætti bæta úr hinni sárustu þörf með því að setja upp til bráðabirgða ódýran smávita, er svo mætti flytja og nota annarsstaðar, þegar stærri, endanlegur viti verður bygður þar.

Stjórnin hefur leitast fyrir um það, hvernig þessu yrði best fyrirkomid, og er álitid að hentugt muni vera að nota í þessu skyni acetylenvita af sömu gerð, eins og nú eru notaðir á strandskerjum við Svíþjóð, og búnir eru til af hlutafjlaginu »Gasaccumulator« í Stokkhólmi. Kostnaður við slikt vitaljósker er áætlaður þannig:

Vitaljóskerid með einum blikskipti (vitinn sýnir ljósblik í c. $\frac{2}{10}$ sekúndu með c. $\frac{18}{10}$ sekúndu millibili) ... .. .	kr. 1,000,00
Fótur undir ljósker og gashylki .. .. .	— 400,00
Fjögur gashylki á 300 kr.... .. .	— 1,200,00
(hver þeirra er rúmlega 200 pd. á þyngd).	
Einn blikskiptir til vara . . . . .	— 340,00
Flutningskostnaður, undirstöðubýgging og uppsetning, áætlað ...	— 560,00
	<hr/>
	kr. 3,500,00

Í 4 gashylkjum er nægilegt gas til ársins. Hylkin má fá fyllt árlega í Danmörku og er nægur tími til þess, ef þau eru send utan á vorin, strax eftir 15. maí ár hvert; gasið í þá kostar 60 kr. í Kaupmannahöfn.

Vita þessa þarf að aðgæta og fægja einusinni á viku hverri, en daglegt eftirlit þarf eigi, því þeir brenna nótt og dag.

Við E. 3, Útgjöldin við Siglunesvitann, sem byrjað var að kveikja á síðastliðid haust, eru sundurliðuð í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1910 og 1911.

Við E. 4, Innsiglingarvarðinn á Grimsey í Steingrimsfirði, er fje var veitt til á fjárlögunum frá 1902 og 1903, er fallinn, og hafa skipstjórar á póstskipunum óskað mjög eftir því, að hann verði endurreistur sem allra fyrst. Eftir áætlun Krabbe verkfræðings mun mega gjöra það fyrir 300 krónur.

#### Við 4. gr.

Við B. III. Það er óhjákvæmilegt, þegar stofnaður er nýr skóli eins og lagaskólinn, að leggja honum til allmikið af bókum, sem ekki eru til á bókasöfnum hjer á landi. Eftir skýrslu forstöðumanns eru þær 1000 kr., sem veittar eru til bókakaupa yfirstandandi fjárhagstímabil, engan veginn nægilegar til þess að kaupa hið nauðsynlegasta, og er því beðið um 1000 kr. til viðbótar. Sú upphæð, sem veitt er til ýmsra gjalda, reynist og alt of lág í byrjun, þar sem kaupa verður ýmsan skólabúnað, stofugögn, bókaskápa o. fl. sem ekki er veitt fje til sjerstaklega, og telur forstöðumaður, að eigi verði komist af með minna en 400 kr. viðbót fyrir árið 1909.

Við B. V. Til gagnfræðaskólans á Akureyri. Í erindi dagsettu 10. okt. 1908, sem lagt mun verða fyrir fjárlaganefndina, hefur skólastjórinn gjört itarlega grein fyrir ýmsum göllum við skólann og útbúning hans, sem óhjákvæmilegt er að gjöra við á yfirstandandi fjárhagstímabili, og varð ekki hjá því komist, ef skólinn átti að geta komið að tilætludum notum, að verja þegar í haust er leið alt að 2100 kr. til viðgerðar á skólahúsinu og aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbótar þeim, umfram það fje, sem veitt er fyrir 1908.

Við 14. gr. B. VII. f. Bygging kennaraskólans var lokið í haust, og tók hann til starfa 1. október. Kostnaður við rekstur skólans og laun verða til ársloka 1909 greidd samkvæmt 8. gr. laga nr. 63, 22. nóv. 1907 sbr. 21. gr. fjárlaganna, en upphæðin sem veitt er til kennarafræðslu í fjárl. 14. gr. B. VII. e, sparast síðara árið. Námstyrkur sá handa kennaraefnum, sem veittur er í 14. gr. B. VII f, gengur til nemenda skólans, en vegna þess hve aðsóknin er mikil, nægir sú upphæð engan veginn, og hefur forstöðumaður skólans farið fram á, að hún sje aukin um 900 kr.

Lóð sú, sem skólinn stendur á, er urð ein, og er óhjákvæmilegt að gera við hana og girða hana sem allra fyrst. Um kostnaðinn við það er eigi komin áætlun, og er því farið fram á að veittar sjeu 1000 kr. til bráðabirgða til nauðsynlegustu umbóta, en búast má við, að það hrökkvi eigi.

#### Við 5. gr.

Við 7. Með því að búast má við, að ferðalög og raunsoknir verði nauðsynleg til þess að geta framkvæmt skrásetningar þær m. a., sem um ræðir í lögum 16. nóv. 1907 um verndun fornmenja, álist nauðsynlegt að áætla upphæð nokkra í þessu skyni.

Við 38. Eftir að Vestfjarðaálman og Suðurnesjalínan eru komnar í kring, fjölgar mjög stöðum þeim, sem unti er og áriðandi, að fá veðursimskeyti frá og til. Eftir skýrslu landsimastjóra mun kostnaðurinn vaxa umhelming á ári frá því, sem verið hefur síðasta ár, svo viðbótin verður fyrir árið 2400 kr., en kostnaður þessi er í rauninni mest að nafninu til, því að tekjur þær, sem ritsiminn hefur af þessu, koma aftur landssjóðnum að góðu. Samkvæmt framkomnum óskum hefur verið ráðist í að byrja veðursimskeytasending frá hinum nýju stöðvum þegar 1. nóvbr. 1908, og er því hjer leitað aukafjárveitingar fyrir tvo mánuði af 1908 og alt árið 1909.

#### Við 6. gr.

Við 7. og 8. Skógræktarstjórinn hefur skýrt frá því, að óhjákvæmilegt sje að byggja fjós á Hallormsstað (þar er nú enginn sauðfjenaður haldinn) og

gjöra við bæjarhúsin á Ormsstöðum. Til þess hvorttveggja er álitid að 1200 kr. muni nægja.

Á síðastliðnu sumri var tekið til friðunar og sandgræðslu sandfoks-  
svæði hjá Reykjum á Skeiðum, sem hættulegt er fyrir bygðarlagið, sje ekki  
að gjört og sandfokið tept. En til þess að geta komið á fullnægjandi  
friðun, verður ekki hjá því komist, að girða fyrir sýsluveg, sem er kaup-  
staðarvegur tveggja hreppa, og banna þar alla umferð. Eftir að kvartanir voru  
framkomnar frá Biskupstungnahreppi, ljét stjórnarráðið rannsaka málið, og  
kom þá í ljós, að ekki verður hjá því komist að leggja vegarspotta meðfram  
girðingunni. Hinsvegar kom það í ljós, að ekki er hægt að sameina leiðina  
fyrir Tungna- og Hreppamenn vegna ósa úr Laxá og sandbleytu á því svæði;  
í sumar var þó hægt að komast af með dálitinn vegspotta, með því að hætta  
í bráðina við girðinguna norður á hóginn, en að sumri verður að fram-  
halda henni.

Það, sem gjöra þurfti í sumar, var 140 faðma langur, upphleyptur  
vegur yfir tvær dælar, sem vatn er í og kostaði sú vegagjörð 541 kr. 17 aur.,  
sem aukafjárveitingar er beiðst fyrir.

En næsta sumar þarf að gjöra austan við girðinguna 1250 faðma lang-  
an upphleyptan veg; þó að sumir kaflar á þeirri leið sjeu svo, að ruðning  
hefði getað dugað þar til bráðabirgða, umferðarinnar vegna, þá má það ekki,  
með því að af því getur orsakast sandfok á því svæði. Vegurinn er áætlað,  
að kosta muni allt að 5000 kr., og með því að hann mundi verða til mikilla  
hagsmuna fyrir hjeradið og stórhóta frá því sem nú er fyrir flutninga alla,  
er búist við að hjeradið vilji framkvæma vegalagninguna með styrk af lands-  
sjóði, á líkan hátt og það, sem búid er af Skeiðaveginum. Það er því lagt  
til, að veittar sjeu af landssjóði 2000 kr., gegn því að það, sem á vantar, sje  
borgað af öðrum.

Við 16. Upphæðin til kveldskólabaldis á Seyðisfirði er sett eftir ósk stjórn-  
arnefndar Iðnaðarmannafjelagssins þar.

Við 31. 1. Glimufjlagið hafði hug á því, að sýna islenskar glímur við  
hina ólympisku leika, sem haldnir voru í London síðastliðið sumar, og var  
leitað samskóta í því skyni að standast kostnað við för glimumanna þangað.  
Samskotin urðu eigi nægileg, og leituðu þeir því styrks af landsfje; var sú  
beiðni studd af ýmsum málsmetandi mönnum. Með því að stjórnarráðinu  
virtist það horfa til sóma fyrir Ísland, að leiða athygli annara þjóða að þessari  
gömlu og fögru þjóðariþrótt vorri, og eigi var um stærri upphæð að ræða en  
2000 kr. taldi það sjer vist samþykki alþingis til þess að stuðla að förinni með  
þessari fjárveiting, og var upphæðin greidd hr. Hallgrimi Benediktssyni.

2. Sumarið 1907 fjeck stjórnarráðið vitneskju um, að enskir menn  
ætluðu að taka Gullfoss í Hvítá á leigu, áður en lögin um takmörkun á eignar-  
og umráðsrjetti á fossum, sem alþing þá hafði til meðferðar, næðu í gildi að  
ganga. Með því að hjer er um afarmikið vatnsafl að ræða, og eigandi foss-  
ins, hr. Tómas Tómasson, vildi láta landið sitja fyrir fossinum fyrir lægri leigu  
heldur en honum bauðst frá útlendingum, rjeðst stjórnin í að taka fossinn á  
leigu til 5 ára (með framleigurjetti) fyrir 300 kr. eftirgjald á ári og er farið  
fram á, að sú upphæð sje veitt hjer fyrir árin 1908 og 1909.

Við 7. gr.

Árið 1907 fjekk stórkaupmaður Thor E. Tulinius leyfi samkvæmt símalögnum til að leggja talsímalínu milli Eskifjarðar og Seyðisfjarðar, og tók hann línubýgging þessa að sjer fyrir beiðni hjeradsbúa og var línán bygð sumarið 1907. Í umsókn sinni um leyfið hafði hann farið fram á að sjer yrði veitt 7000 kr. lán úr viðlagasjóði til byggingarinnar gegn veði í línunni, og var honum heitið því að stjórnarráðið skyldi mæla með þessari lánveitingu við alþingi en það fórst fyrir, að mál þetta væri borið undir alþingi 1907. Þegar línán var fullgjörð fór Tulinius fastlega fram á að fá lán þetta, og þar sem hann hafði fljótt og vel komið á þessari samgöngubót milli hjeradanna landssjóði að kostnaðarlausu, í því trausti að hann fengi lánið, þótti rjett að veita honum hið umrædda lán uppá væntanlegt samþykki alþingis, og er hjer farið fram á að samþykki þetta sje veitt.

Þetta lán fellur nú burt, ef tillagan í 3. gr. við D. 2 er samþykkt.

---